

Umsögn FNS vegna tillögu að breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla:

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) harmar það að draga eigi úr vali nemenda á unglíngastigi vegna aukinnar áherslu á náttúrufræðigreinar eins og fram kemur í tillögu að breytingum á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. FNS gerir ekki athugasemd við að efla náttúrufræðikennslu en gagnrýnir harðlega að það bitni á valgreinum nemanda á unglíngastigi og telur það í mótsögn við drög menntamálaráðuneytis að menntastefnu til ársins 2030.

Í drögum að menntastefnu til ársins 2030 segir m.a. „*Með því að gefa áhugasviðum þeirra aukid rými í skóla- og fræðslustarfinu gefast tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins*“. Með því að draga úr valgreinum er verið að fækka tækifærum nemenda til að vinna út frá eigin styrkleikum og áhuga.

Einnig sjáum við ekki hvornig menntamálaráðherra og aðgerðarteymi hans ætla að útfæra aðgerðaráætlun í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Samband íslenska sveitarfélaga um að auka áhuga íslenskra ungmenna á starfs- og tæknimenntun ef dregið verður úr valgreinum, þar sem starfsnám nemenda er oftast en ekki valgrein í grunnskólum.

List- og verknám er stór hluti valgreina á unglíngastigi grunnskóla og því vill FNS einnig benda á eftirfarandi í drögum að menntastefnu til 2030 kemur fram að verkgreinar gegna veigamiklu hlutverki og með aukinni áherslu á verkgreinar séu við að efla ungmenni okkar til móta eign framtíð með jákvæðum hætti, elfa þroska til sjálftæðs gildismats og veita þeim tækifæri til að hafa áhrif á umverfi sitt og menningu.

Valgreinar skipa stóran sess í að efla ákvarðanatöku og ábyrgð hjá unglíngum er kemur að eigin námi. Það er einnig tekið í fram í drögum að nýrri menntastefnu að með innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skólum eigi að virkja þátttöku barna í allri ákvarðanatöku og nemendalýðræði. Ennfremur að leggja áherslu á að nemendur beri ábyrgð á eigin námi, venji sig á góðar vinnuaðferðir og læri að setja sér markmið. Félag náms- og starfsráðgjafa leggur til að ef breyta eigi viðmiðunarstundaskrá grunnskóla þurfi að setja eina kennslustund á viku, hið minnsta, í náms- og starfsfræðslu og bendum við á, þess til rökstuðnings eru þessar málsgreinar í drögum að menntastefnu: „*Tryggja þarf að nemendur fái markvissa náms- og starfsfræðslu bæði í grunn- og framhaldsskólum sem felur meðal annars í sér fræðslu um nám, námsleiðir, störf og vinnumarkað. Náms- og starfsfræðsla er mikilvæg á öllum skólastigum*“.

Við leggjum til að skólar verði hvattir til að efla náttúrufræðikennslu með þeim hætti að bjóða upp á náttúrufræði og aðrar vísindagreinar sem valgrein hafi þeir kennara í sínum mannauði til að kenna slíka valgrein. Við erum sammála mörgum hér sem komið hafa með umsagnir þess efni að það sé þörf á að fjölga náttúrufræðikennurum og á meðan fagþekkingin er ekki allstaðar til staðar í skólum er galið að ætla að bæta í fjölda kennslustunda.

Það er sorglegt að menntakerfið á Íslandi einblíni á samanburð úr niðurstöðum PISA þegar kemur að þróun í menntamálam. Við mælum með því að samanburður sé settur í víðara samhengi og má þá gjarnan líta til Norðurlandanna t.d. þegar kemur að náms- og starfsfræðslu og verk-, list- og tækninámi.